



Kennsluáætlun í SÁLF2IN05 á vorönn 2017

Viðfangsefni: Almenn kynning á sálfræði sem fræðigrein

Lýsing: Áfanginn inniheldur kynningu á sögu og uppruna sálfræðinnar ásamt umfjöllun um helstu stefnur, viðfangsefni og rannsóknaraðferðir hennar. Nemendur kynnast mikilvægustu grunnhugtökum greinarinnar.

Markmið/þekkingarviðmið:

Nemendi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:

- þróun sálfræði og tengslum við aðrar fræðigreinar
- grundvallarhugmyndum sem móta kenningar í sálfræði
- leiðum sálfræði til að útskýra hugsun, hegðun og tilfinningar einstaklinga
- helstu tegundum náms og algengustu námsörðugleikum
- helstu rannsóknaraðferðum í sálfræði og hagnýtu gildi sálfræðinnar

Markmið/leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skilja umfjöllun um helstu hugmyndir sem mótað hafa sálfræðina
- beita algengustu hugtökum sálfræðinnar á skilmerkilegan hátt
- skoða eigin hegðun og annarra út frá grundvallarhugmyndum sálfræðinnar
- skoða eigin hugsun og tilfinningar út frá grundvallarhugmyndum sálfræðinnar
- tjá þekkingu sína munnlega og skriflega

Markmið/hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt sér þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- gera sér grein fyrir mótunaráhrifum umhverfis
- gera sér grein fyrir samspili hugsunar, tilfinninga og hegðunar
- tjá sig skipulega um einstaka efnisþætti á gagnrýnin hátt
- geta greint mikilvægi upplýsinga og hagnýtt sér þær.
- geta gert einfalda rannsókn og skilið og greint frá niðurstöðum á skilmerkilegan hátt.



Námsefni: **Almenn sálfræði** – hugur - heili - hátterni eftir Aldísi Unni Guðmundsdóttur og Jörgen L. Pind. Farið verður yfir efni fjögurra fyrstu kaflanna auk 10. kafla.

Námsmat:

5 kaflapróf sem tekin eru á önninni	40%
Hópverkefni um stefnur sálfræðinnar	10%
Þýðing á enskum texta um sálfr sem lýkur með prófi	10%
Verkefni tengt sjálfsskoðun	10%
Rannsóknarverkefni að eigin vali.	10%
Ferilmappa	15%
Kennaraeinkunn (ástundun/mæting)	5%
Samtals	100%

Áætlun um yfirferð:

5.jan. – 22.jan. Hvað er sálfræði? Farið verður í efni 1. kafla og í lokin unnið í litlum hópum með stefnur sálfræðinnar.

Hópverkefnið verður kynnt og metið til einkunnar. Próf úr 1. kafla.

23.jan. – 12.febr. Ágrip af sögu sálfræðinnar. Farið verður yfir efni annars kafla. Próf úr 2. kafla.

13.febr. – 19. febr. Unnið að þýðingu á enskum texta um sálfræði sem lýkur með krossaprófi.

20. febr. – 5.mars Farið verður í efni 3. kafla um minni. Próf úr 3. kafla.

6.mars – 26.mars Farið verður í efni 4. kafla um nám og skilyrðingar. Próf úr 4. kafla

27.mars – 7.apríl Kynntar verða rannsóknaraðferðir sálfræðinnar. Próf úr 10.kafla.

19.apríl – 25.apríl Unnið að verkefni um sjálfsskoðun. Skýrslu skilað í lokin.

26.apríl – 10. maí Rannsóknarverkefni að eigin vali unnið og skilað ásamt verkefnamöppu í lok annar.

ATH.: Til að ljúka áfanganum þurfa nemendur að taka öll 5 aðalpróf áfangans og ná einkunninni 4,5 að meðaltali úr þeim. Sömu lágmarkseinkunnar er krafist sem lokaekunnar úr áfanganum. (Sjá nánar um námsmat hér að ofan)



Ath. að dagsetningar geta breyst. Tilkynnt verður um próf með a.m.k. viku fyrirvara, bæði í tímum og á moodleefnum.

Viðtalstími kennara er á föstudögum frá kl. 9:15 – 10:10 á Bollastöðum (kaffistofu kennara)

Með fyrirvara um breytingar

Selfossi 4. janúar 2017

Ingibjörg Ólöf Sigurðardóttir kennari
ingibjorgolof@gmail.com
ingibjorg@fsu.is